

Verður ákærði því talinn hafa brotið 6. gr. 2. mgr. og 15. gr. laga nr. 70 8. september 1931, og þykir refsing hans samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. juris Kristjáns Steingrímssonar, kr. 65.00. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Andrés Óskar Ingimundarson, greiði 200 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Kristjáns Steingrímssonar, kr. 65.00. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marz 1938.

Nr. 9/1938. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Benjamín Ólafssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Áfengislagabrot. Sýkna.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu hefir ekki, svo séð verði, farið fram rannsókn á áfengismagni hins heimabruggaða lagar, sem fannst í vörzlum kærða við húsrannsókn þá, sem getur í héraðsdóminum. Brestur þannig alla sönnun fyrir því, að í nefndum legi hafi verið meiri vínandi en löglegt er. Verður þess vegna

að sýkna kærða af kærnum valdstjórnarinnar í málinu og dæma rikissjóð til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 60.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa hefir verið óhæfilega lengi á döfinni. Löggæzlumaður fremur húsrannsókn hjá kærða 18. júlí 1935, réttarrannsókn hefst fyrst þann 16. desember 1936 og málssókn er tilkynnt kærða þann 21. júní 1937, en héraðsdómurinn uppkveðinn þann 31. ágúst 1937.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Benjamín Ólafsson, á að vera sýkn af kærnum valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmáflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 60.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. ágúst 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Benjamín Ólafssyni, bónda í Lækjarkoti, fyrir brot á áfengislögunum nr. 33 frá 1935, samkv. fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins í bréfi dags. 5. apríl 1937.

Málavextir eru þeir, að hinn 18. júlí 1935 gerði löggæzlumaður Björn Blöndal Jónsson húsrannsókn eftir heimabrugguðu áfengi hjá kærðum, samkv. úrskurði sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum sama dag. Samkvæmt skýrslu löggæzlumanns fannst við húsrannsóknina 1 flaska af heimabrugguðu áfengi, full til

axla, auk þess flaska, er fannst úr áfengislykt, og tveir pelar með slatta í af heimabrugguðu áfengi. Segir í skýrslu löggæzlumanns, er kærður hefir undirritað, að kærður hafi kannazt við fyrir löggæzlumanni að hafa bruggað áfengi það, er fannst í flöskunni. Flösku þá, er áfengislykt var úr, sagði kærði, að hann hefði fundið, en annan pelann sagði hann, að Karl Guðmundsson í Borgarnesi hefði beðið sig fyrir, en á hinn hefði hann blandað úr flöskunni af bruggi því, er hann bjó til.

Í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. des. 1936 tók kærður aftur játning sína fyrir löggæzlumanni um að hafa bruggað áfengi það, er hjá honum fannst, og sagði þá, að Guðmundur Jónsson, póstur í Borgarnesi, er andaðist í janúar 1935, hefði gefið sér flöskuna með innihaldi í des. 1934. Kveðst hann hafa játað á sig fyrir löggæzlumanni að hafa bruggað áfengið, af því að löggæzlumaður hefði sagt sér, að hann yrði að bera ábyrgð á áfenginu, eða tilgreina gefandann, og hefði hann ekki vilja að blanda dauðum manni inn í málið. Þá hélt hann því fram í réttinum, að vottar hefði ekki verið við, er hann talaði við löggæzlumann og meðan skýrslan var skrifuð, heldur hefðu þeir skrifað undir á eftir.

Í lögreglurétti Reykjavíkur 4. og 9. febrúar þ. á. gaf löggæzlumaður og lögregluþjónarnir Ágúst Jónsson og Jakob Björnsson, er með honum voru við húsrannsóknina, skýrslu um málið. Bar löggæzlumaður þar, að báðir lögregluþjónarnir hefðu verið viðstaddir, er hann yfirheyrði kærða og hann skrifaði undir skýrsluna, og staðfesta báðir lögregluþjónarnir þá frásögn löggæzlumanns.

Rétturinn lítur svo á, að engin ástæða sé til að vefengja það, að kærður hafi fyrir löggæzlumanni 18. júlí 1935 játað að hafa bruggað áfengi það, er fannst í hinni axlarfullu flösku. Játningu þessa hefir kærði að visu afturkallað, en það dugir honum ekki til sýknu, því að með skýringu þeirri, er hann hefir gefið á því, hvernig hann hafi fengið flöskuna, að maður, sem látinn er fyrir alllöngu áður en flaskan fannst, hafi gefið sér hana, getur hann eigi talizt hafa fært sönnur á, hvernig hann hafi fengið áfengið, og ber því samkvæmt 14. gr. áfengislaganna að dæma hann í sekt samkv. 30. gr. laganna fyrir að hafa ólöglegt áfengi í vörzlum sínum.

Refsing ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið refsað, virðist vera hæfilega ákveðinn 500 kr. sekt í menningarsjóð, og verði sektin eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað 25 daga einfalt fangelsi. Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Benjamín Ólafsson, bóndi í Lækjarkoti, greiði 500 — fimm hundruð — króna sekt í menningarsjóð, og komi 25 — tuttugu og fimm — daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún eigi greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærði og allan kostnað málsins.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. marz 1938.

Nr. 121/1937. **R. B. Barker & Co**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

**skiptaráðandanum í Reykjavík f. h.
Þrotabús s/f Gullfoss og Bjarna Run-
ólfssyni. (Theódór B. Lindal)**

Sjóveðréttur til tryggingar vöruúttekt í Englandi.
Meðalganga.

Dómur hæstaréttar.

Bú aðalstefnds í héraði, s/f Gullfoss, hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, og var skip félagsins, e/s Gullfoss R.E. 120, selt á nauðungaruppbóði þann 29. maí 1936.

Áfrýjandi gerir þær kröfur hér fyrir dómi, að staðfest verði niðurstaða hins áfrýjaða dóms að því